

Til skipulagssviðs Kópavogsbæjar

Ósk um breytingu á aksturstefnu í Álftröð

Á aðalfundi húsfélagsins Traðarreits 1, sem haldinn var 17. febrúar 2026, var mér falið að fylgja eftir samþykkt þess efnis að óska eftir breytingu á aksturstefnu í Álftröð vegna þeirrar öryggisáhættu sem þar hefur skapast, eins og hér verður nánar útskýrt.

Pegar ekið er að bílakjallara liggur leiðin frá Digranesvegi um Álftröð, um það bil 25 metra að innkeyrsludyrum bílakjallarans. Þar mætast / krossast leiðir þeirra sem aka út úr bílakjallaranum og þeirra sem eru á leið inn. Þetta sést vel á meðfylgjandi mynd sem merkt er „Álftröð í dag“.



Pegar nokkrir bílar eru samtímis að koma og fara myndast fljótt stíflur á þessum kafla Álftraðar, sérstaklega í ljósi brattrar brekku út úr bílakjallaranum. Það eru ekki eingöngu bílar sem fara þessa leið heldur einnig fólk á reiðhjólum.

Þetta fyrirkomulag skapar augljósa slysaáhættu, sérstaklega þar sem gatan er þröng, sjónlínur takmarkaðar og á álagstímum mikil umferð bæði hjólandi og akandi á svæðinu. Álftröð er ekki eingöngu notuð af íbúum Traðarreits heldur einnig af nemendum og kennurum Menntaskólans í Kópavogi.

Að mati íbúa er því ekki spurning **hvort** slys verði, heldur **hvenær**, nema umbætur verði gerðar. Hér er því ekki aðeins um óþægindi eða óskilvirkt skipulag að ræða heldur raunverulega öryggisáhættu sem varðar ábyrgð og forvarnir gegn slysum. Í Traðarreit 1 eru 180 íbúðir og í dag er einungis um helmingur þeirra seldur, þannig að umferð á svæðinu mun aukast verulega á næstu misserum.

Á aðalfundinum var lagt til að aksturstefnu verði breytt til að koma í veg fyrir þetta vandamál með því að gera þann hluta Álftraðar sem liggur að innkeyrslu bílakjallarans að tveggja akreina götu. Þá yrði áfram ekið frá

Digranesvegi að bílakjallaranum, en útkeyrsla úr bílakjallaranum yrði í átt að Digranesvegi. Með þessu móti yrði engin umferð frá bílakjallaranum inn í hverfið að Hávegi og árekstraáhætta myndi minnka verulega.

Þessi tillaga er útskýrð nánar á mynd sem merkt er „**Aksturstefnur í Álftröð**“. Til að útfæra hana þyrfti að fjarlægja gangstétt sem er merkt með rauðum lit á myndinni. Sú gangstétt er í reynd ekki í notkun í dag; hún endar í engu og þjónar hvorki raunverulegu umferðaröryggi né aðgengi.



Óskað er eftir að málið verði tekið til **formlegrar og bráðrar skoðunar** út frá sjónarmiðum um umferðaröryggi og forvarnir gegn slysum. Jafnframt er óskað eftir upplýsingum um afdrif erindisins.

Með fyrirfram þökk og bestu kveðjum,

Snorri Þórisson

Fh húsfélagsins Traðarreitur 1

Sími 8920885. email snorri@nma.is